


## Fréttabréf lyfjagæddar



## Lyf með verkun á miðtaugakerfið sem notuð eru við ofvirkni með athyglisbresti (ADHD)


Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja við ADHD stefnir í 762 millj.kr. á þessu ári miðað við kostnað fyrstu sex mánuði ársins, sem er nær þreföld aukning frá árinu 2006\*. Gengisbreytingar hafa áhrif á lyfjakostnað en einnig hefur verið töluverð aukning í notkun á þessum lyfjum.



	Notkun (DDD)		
	2006	2009	% aukning
Metýlfenídat (Ritalin, Ritalin Uno, Concerta)	981.720	1.479.877	51%
Atomoxetín (Strattera)	45.240	76.967	70%
Modafinil (Modoidal)	22.052	34.749	58%
Amfetamín (Amfetamin Actavis)	71.850	75.752	5%

Um 2.700 börn og unglingar yngri en 20 ára fengu ávísað metýlfenídati á síðasta ári og um 1.500 fullorðnir 20 ára og eldri. Notkun á metýlfenídati hefur aukist um 51% frá 2006-2009 án þess að dregið hafi úr notkun hinna lyfjanna í flokknum.



Mesta aukning í notkun sést hjá fullorðnum. Kostnaður sjúkratrygginga vegna fullorðinna sem fengu ávísað metýlfenídati var um 43% af kostnaðinum eða um 200 millj.kr. árið 2009.



Kostnaður sjúkratrygginga vegna metýlfenídatnam 464 millj.kr. árið 2009 sem er kostnaðarmesta lyfið hjá sjúkratryggingum.

Kostnaðarsömustu lyfin 2009				Kostnaður sjúkratrygginga 2009
Nr.	ATC fl.	Innihaldsefni (lyfjaheiti)		
1	N06BA04	Metýlfenídat (Ritalin, Ritalin Uno, Concerta)	Lyf við ADHD	<b>463.764.418</b>
2	R03AK06	Salmeteról blanda (Seretide, Seretide diskus)	Öndunarfæralyf	439.900.556
3	N06AB10	Escítalópram (Cipralax)	Þunglyndislyf	379.174.978
4	N03AX16	Pregabalín (Lyrica)	Flogaveikilyf	329.346.673
5	R03AK07	Formóteról blanda (Symbicort turbuhaler)	Öndunarfæralyf	302.472.756
6	A02BC05	Esómeprazól (Nexium)	Lyf gegn sársjúkdómi og bakflæði	227.674.536
7	A02BC01	Ómeprazól (Losec, Omeprazol Actavis, Lomex-T)	Lyf gegn sársjúkdómi og bakflæði	197.154.137
8	N06AX16	Venlafaxín (Efexor, Venlafaxin Portfarma)	Þunglyndislyf	190.962.015
9	N05AH04	Quetiápín (Seroquel/Prolong, Quetiapin Mylan)	Geðrofslyf	188.406.909
10	C09DA01	Lósartan og þvagræsilyf (Presmin Combo, Cozaar Comp)	Blóðþrýstingslyf	162.815.401
17	N06BA09	Atomoxetín (Strattera)	Lyf við ADHD	<b>111.699.372</b>
52	N06BA07	Modafinil (Modoidal)	Örvandi lyf	<b>55.177.745</b>

Notkun á metýlfenídati og atomoxetíni er mun meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum\*\*.



Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna lyfja við ofvirkni er háð lyfjaskírteini. Vinnureglur fyrir útgáfu lyfjaskírteinis eru í endurskoðun.

Lyfjaskírteini í gildi 1. ágúst 2010	
Metýlfenídat	4.290
Atomoxetín	887
Modafinil	204
Amfetamín	77

\*Lyf í ATC flokki N06B: Örvandi lyf, lyf notuð við ofvirkni með athyglisbresti (ADHD) og lyf sem efla heilastarfsemi.

\*\*<http://www.medstat.dk/MedStatDataViewer.php>  
<http://www.reseptregisteret.no/Prevalens.aspx>  
<http://www.apotekensservice.se/Om-Apotekens-Service/Uppdrag/Statistik/>